



1203. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2020 kl. 17:30 - Fjarfundur.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jóhann Már Sigurbjörnsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnarfundna 1200, 1201 og 1202

Ragnar Þór bað fundarmenn að lesa yfir fundargerðir síðustu funda en engar athugasemdir hafa borist honum vegna þeirra og verða þær svo allar undirritaðar á fyrsta fundi okkar eftir að samkomubanni lýkur.

2. Staðan í kjaramálum

Ragnar Þór sagði að miðstjórnarfundur hafi verið haldinn hjá ASÍ í dag. Þar var m.a. farið yfir reikninga sambandsins og voru engar athugasemdir gerðar við reikningana.

Þá var einnig rætt um hátíðarhöldin 1. maí sem verða með breyttu sniði vegna samkomubanns stjórnvalda og er áætlað að vera með hátíðardagskrá í sjónvarpi og verður það í sameiginlegri umsjón okkar og opinberu stéttarfélaganna.

Miðstjórn ræddi svo samskiptin við stjórnvöld og á Ragnar Þór m.a. fund með félagsmálaráðherra á morgun þar sem hann mun ræða verðtryggingar- og húsnæðismálin.

Þá hafi verið rædd ályktun stjórnar VR sem send var miðstjórn í kjölfar síðasta stjórnarfundar en málinu hafi verið frestað án niðurstöðu.

Ragnari Þór þykir miður að engin svör eða áætlanir eru að fá frá ASÍ um hvað beri að gera í stöðunni en verðlag er þegar farið af stað og ljóst að atvinnuleysi eykst mjög hratt. Viðar og hagdeild VR eru að setja upp spálíkan og er ætlunin að reyna að greina þróun mála næstu vikur og mánuði. Hann sendi stjórn tillögur að áherslum VR gagnvart stjórnvöldum og fór það skjal á stjórnargáttina fyrr í dag. Lagði hann þá fram skjalið „*Áherslur VR gagnvart ríkinu*“ og fór yfir efni þess. Tók hann fram að ekki hafi verið mikill tími til að stilla þessu upp og hægt er að bæta í þetta og taka út að vild næstu vikunnar. Í megin dráttum er áherslan á að viðhalda kaupmætti og að verja atvinnustigið í landinu.



Þetta verði gert með því að koma böndum á verðbólguna m.a. með því að unnið sé að því hjá Seðlabanka Íslands að halda gengi stöðugu, að frysta vísitölu neysluverðs, afnema verðtryggingu neytendalána og jafnvel með beingreiðslum í einhverju formi til landsmanna. Þá kom fram að hlutabótaleið verði framlengd, tekjutengdar atvinnuleysisbætur hækkaðar og tryggingagjald lækkað með vísitölutengdum skilyrðum svo dæmi séu nefnd.

Umræður.

Í umræðum komu fram nokkrar viðbótarhugmyndir svo sem að skoða þurfi stöðu foreldra fatlaðra barna sem hafa þurft að taka sér orlofsdaga, að skoða þurfi stöðu útlendinga á vinnumarkaði, frítt fæði í skólum, að fasteignagjöld sveitarfélaga verði lækkuð eða felld niður og að skoða megi hvort hægt sé að færa rekstur fyrirtækja sem verði gjaldþrota í hendur fyrrum starfsmanna o.fl.

Ragnar Þór sagði að áfram verði unnið með allar hugmyndir.

3. Staðan á viðburðum á vegum VR

Stefán sagði frá því, eins og kom fram hjá Ragnari Þór, að hátíðarhöld vegna 1. maí færast í sjónvarp og fá stéttarfélögin 40 mínútur að loknum fréttum á RÚV til útsendingar. Verið er að setja saman dagskrá.

Kaffi eldri félagsmanna VR á Uppstigningardag verður fellt niður þetta árið enda um mjög viðkvæman hóp að ræða.

Hátíðin um Fyrirtæki ársins verður heldur ekki haldin, eða a.m.k. ekki á venjulegum tíma en sennilegast er að ekki verði haldin hátíð heldur munum við tilkynna um niðurstöður og fara í heimsóknir til vinningshafa og afhenda verðlaunagripi í fyrirtækjunum sjálfum.

Umræður.

4. Staðan á rekstri og skrifstofu VR

Stefán sagði að skrifstofa VR væri áfram lokuð en afgreiðslu sinnt gegnum síma og tölvupóst. Starfsmönnum er skipt í tvo aðskilda hópa þar sem annar hópur vinnur heima á meðan hinn hópurinn er á skrifstofunni til skiptis. Þetta fyrirkomulag er þó ekki viðhaft á skrifstofunum úti á landi en þar er afgreiðslunni þó lokað eins og hér í bænum. Engin smit hafa orðið meðal starfsmanna og fáir þurft að fara í sóttkví. Því sé þó ekki að neita að komin sé nokkur óþreyja í hópinn og þá sérlega hjá VIRK hópnum vegna eðlis þeirra verkefna.

Unnið er í sviðsmyndargreiningu á rekstrinum en þetta breytist þó vikulega en ætti að vera klárt um mánaðamótin. Þar er verið að greina



kaupmáttarþróun og atvinnuleysi.

Áætlun rekstrar hefur riðlast eins og búast má við en þótt hætt sé við marga kostnaðarsama viðburði þá má samt búast við tekjusamdrætti á móti útgjaldasparnaði vegna þess að við fáum inn minni iðgjöld. Reksturinn gæti því orðið harður sérstaklega t.d. hjá sjúkrasjóði og ætti að liggja fyrir útkomuspá á næsta fundi.

Umræður.

Fundi er slitið kl. 19:15
Árni Leósson, fundarritari